

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.

1. gr.

Ákvæði 3.5. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Eftirlitsaðilar eru Umhverfis- og orkustofnun og faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 58. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Ákvæði 4. gr. ásamt fyrirsögn verður svohljóðandi:

Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun sér um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

3. gr.

Orðin „eða heilbrigðisnefnd eftir því sem við á“ í 3. mgr. 5. gr. falla brott.

4. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 1. mgr. og 2. mgr. 6. gr. kemur: sveitarstjórn.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.

- a. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Í stað orðanna „reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“ kemur: reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6. gr.

Ákvæði 11. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Umhverfis- og orkustofnun skiptir landinu upp í svæði til að setja fram upplýsingar um ástand loftgæða.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr.

- a. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 1. og 7. mgr. kemur: sveitarstjórn.
- b. Í stað orðsins „nefndin“ í 7. mgr. kemur: sveitarstjórn.

8. gr.

Í stað orðanna „Viðkomandi heilbrigðisnefnd eða Umhverfis- og orkustofnun, eftir því sem við á, skulu“ í 14. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun skal.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr.:

- a. Í stað orðanna „Viðkomandi heilbrigðisnefndir“ í 1. mgr. kemur: Sveitarstjórnir, í samráði við Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Í stað orðsins „Heilbrigðisnefnd skal“ í 3. mgr. kemur: Sveitarstjórnir skulu.

10. gr.

Í stað orðanna „Viðkomandi heilbrigðisnefnd eða Umhverfis- og orkustofnun, eftir því sem við á“ í 4. mgr. 16. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

11. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 19. gr. kemur: sveitarfélag eða Umhverfis- og orkustofnun.

12. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 4. mgr. 23. gr. kemur: Sveitarfélag.

13. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hlutverk sveitarfélaga við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026